

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR 18. FEBRÚAR 2021





SKÝRSLA STJÓRNAR GV STARFSÁRIÐ 2020

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

Á aðalfundi GV 20 febrúar 2020 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn GV starfsárið 2020. Sigursveinn Þórðarson formaður, Guðjón Gunnsteinsson varaformaður, Una Þóra Ingimarsdóttir, Hallgrímur Steinsson og Harpa Gísladóttir. Til vara Óðinn Kristjánsson og Sigurjón Pálsson.

Haldnir voru 7 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Móta- og markaðsnefnd: Sigursveinn Þórðarson

Vallar- og húsanefnd: Sigurjón Pálsson

Unglinga- og afreksnefnd: Hallgrímur Steinsson

Kvenna- og nýliðanefnd: Harpa Gísladóttir

Öldunganefnd: Óðinn Kristjánsson.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir

Yfirþjálfari: Karl Haraldsson PGA kennari

Í sumar voru 19 starfsmenn en stöðugildi á ársgrunni eru 8. Auk þess tók fjöldi félagsmanna þátt í verkefnum hjá klúbbnum í sjálfbodaðarfi á árinu. Stjórn GV þakkar öllum sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Á vellinum var Jónas Jónasson og Arnsteinn Ingi Jóhannesson yfirmenn framan af ári en þeir hafa nú báðir hætt störfum. Ágúst Ómar Einarsson kom til starfa þann 1. apríl.

Árið 2020 voru 33 mót og verkefni á vegum GV á golf.is. Eitt mót var á vegum GSÍ á árinu á golfvöllinum í Eyjum.

Helstu innanfélagsmót voru Meistaramót GV þar sem 65 voru skráðir til leiks. Meistaramótið var spilað frá miðvikudegi til laugardags og var því slitið með lokahófi á laugardagskvöldinu.

Fyrirtækjakeppni GV var haldin í byrjun september og voru fyrirtæki sem styrktu keppnina fjölmörg. Skiptir þetta mót GV miklu máli fjárhagslega og vill stjórn GV koma á framfæri þakklæti til þeirra fyrirtækja sem tóku þátt.

10 fjölmennustu mót í Vestmannaeyjum 2020:

1. Icelandair Volcano Open	196
2. Sjómannamót Ísfélags VM	126
3. Böddabitamótið	107
4. Hjóna- og parakeppni GV	98
5. Fyrirtækjakeppni GV	87
6. Tuborg Classic	80
7. 2P open	72
8. Meistaramót GV	65
9. GV Opið mót	65
10. Haustmót GV	64

Glæsileg þátttaka var á okkar stærsta móti, Icelandair Volcano Open en alls mættu 196 þátttakendur til leiks og er það með því mesta sem þetta mót hefur talið. Var þetta fimmtánda árið í röð sem mótið er haldið í samstarfi við Icelandair.

Að jafnaði var þátttaka í mótum einkar góð þetta árið.



Mótanefnd GV ákvað að blása til hjóna- og parakeppni síðustu helgina í júlí og tókst vel til. Alls mættu 98 keppendur til leiks. Stefnt verður að því að endurtaka leikni árið 2021 með örliðu breyttu fyrirkomulagi.

Bæði karla og kvennasveitir GV kepptu í efstu deild í sveitakeppni GSÍ. Báðar sveitirnar náðu glæsilegum árangri en karlarnir enduðu í 6. sæti og konurnar í 7. sæti.

Starf öldunganna var öflugt líkt og síðustu ár. Þriðjudagsmótin voru regluleg en þó dattu einhverjir dagar út vegna veðurs. Böddabitamótið sem er styrktarmót eldri kyllinga tókst vel upp og er orðinn einn af föstu punktum í byrjun sumars á mótaskrá GV. Sveit öldunga keppti í 2. deild og fór keppnin fram í Sandgerði. Mikil spennan var í mótinu og munaði aðeins hálfum vinningi í síðasta leik að sveit GV hefði keppt um 1-4. sæti og þar með möguleika á að komast upp um deild. Það tókst ekki og endaði sveit GV í 5. sæti. Sveitakeppni öldunga 2021 mun fara fram í Eyjum næsta sumar.

Á fundi mótanefndar GSÍ í haust var samþykkt að Íslandsmótið í höggleik 2022 færi fram í Vestmannaeyjum. Er þetta mikið fagnaðarefni fyrir klúbbinn sem síðast hélt mótið árið 2018. Þetta er um leið krefjandi verkefni fyrir klúbbinn sem hefur nú þegar hafið undirbúning með viðbyggingu við skálann sem nánar er fjallað um síðar.

VÖLLURINN OG SKÁLINN

Völlurinn kom nokkuð vel undan vetri þó vissulega hafi sömu flatir og undanfarin ár verið seinni að taka við sér en aðrar.

Helstu verkefni á vellinum voru þau að ákveðið var að ráðast í að skipta um gras á 15. flötinni en það er sú flöt sem hefur valdið klúbbnum hvað mestum vandræðum undanfarin ár. Notað var torf af 15. braut. Vonumst við til að með þessu náum við betri tókum á flötinni.

Af öðrum verkefnum er það helst að steipt var upp ruslageymsla við æfingaskýli og farið var í þakviðgerðir á golfskála. Þá var tækjageymsla þússuð að utan á árinu.

BARNA- OG UNGLINGASTARF.

GV er eitt af fyrstu fyrirmyndarfélögum ÍSÍ. Við vinnum eftir þeirri stefnu og stefnu PGA um barna- og ungingastarf.

Árið 2020 var sérstakt þar sem okkur voru settar ýmsar hömlur á starfseminu á vormánuðum og einnig haustmánuðum vegna Covid. Í eðlilegu árferði æfa börn og unglingar 11 mánuði á ári og bætt aðstaða GV hefur hjálpað mikið til við að halda iðkendum. Einnig höfum við náð að halda iðkendum allt árið en ekki bara yfir sumarmánuðina.

Fjöldmörg golfmót voru haldin yfir sumartímamann og einnig hafa verið haldin golfmót yfir vetrarmánuðina í golfhermum klúbbsins.

Barna og unglingsstarf GV er á krossgötum. Margir eldri iðkendur eru komnir yfir tvítugt og stefna klúbbsins er að byggja upp yngri iðkendur. Það vantar algjörlega þrjá til fjóra árganga inn í starfið og er það mikið áhyggjuefni upp á framtíðina.

Barna- og unglingsnefnd klúbbsins hefur sett sér markmið til að ná til yngri iðkenda í fyrsta og öðrum bekk grunnskólans og byggja þar upp. Hefur það starf gengið vel en uppbyggingastarf tekur tíma. Einnig hefur verið lögð áhersla á að ná til stúlkna með að hafa Thelmu Sveinsdóttur sem kennara og hefur það mælst vel fyrir.

Þó við séum með fáa iðkendur á aldrinum 15-18 ára hefur orðið mikil fjölgun iðkenda á aldursbilinu 6-8 ára. Er það stefna okkar að halda þessum fjölda til að fá fleiri til að leika á stiga og Íslandsmótum á vegum GSÍ.

Iðkendafjöldi:

10 ára og yngri stelpur	12
10 ára og yngri strákar	46
11-12 ára stelpur	7
11-12 ára strákar	12
13-14 ára stelpur	4
13-14 ára strákar	18
15-18 ára stelpur	0
15-18 ára strákar	9
Aftekshópur	6

Golfakadémia GV hefur verið starfrækt síðan 2017 í samstarfi við Framhaldsskólann og Grunnskóla Vestmannaeyja. Fjórir iðkendur voru í akademíunni árið 2020 og þrír útskrifuðust.

Markmið: Vinna að tækni, líkamlegi þátturinn, markmiðasetning, leikskipulag, forvörn og tímaskipulag.

Helstu verkefni	Fjöldi frá GV
Íslandsmót unglunga	2
Sveitakeppni unglunga 15-18 ára	6
Vestmannaeyjamót barna og unglunga	38
Íslandsbankamótaröðin	32
Æfingaferð GV	Féll niður v/Covid

Daníel Ingi Sigurjónsson og Lárus Garðar Long æfa og keppa í háskólagolfmótum í Bandaríkjunum.

Á þessum tölum sést vel að GV vantar fleiri iðkendur til að láta til sín taka á mótum á vegum GSÍ.

FORELDRA OG AFREKSSJÓÐUR 2020

GV starfrækir öflugt foreldrastarf. Aðalmarkmið er að

skipuleggja starfið ásamt yfirþjálfara og koma að fjáröflunum og hjálpa þannig iðkendum að standa straum af kostnaði við ferðir í mót sem og æfingaferðir.

Kennarar: Karl Haraldsson yfirkennari, Thelma Sveinsdóttir leiðbeinandi og Gabríel Ari Davíðsson aðstoðarmaður.

Fjárfest var í nýjum golfhermi á árinu og eru því tveir hermar komnir upp í skálanum. Fyrir átti klúbburinn Trackman golfhermi en ákveðið var að kaupa EYE XO hermi sem komið hefur vel út. Báðir hermarnir nýtast mjög vel við æfingar



og kennslu og hefur verið óspart nýttur eftir að opnað var fyrir æfingar á nýjan leik. Fyrirhugað er að útbúa aðstöðu í nýbyggingu fyrir báða hermana.

FÉLAGSSTARFIÐ

Í dag eru 440 skráðir félagar í Golfklúbbi Vestmannaeyja sem er svipaður fjöldi og á síðasta ári. Konur eru núna um fjórðungur skráðra félaga og hefur hlutfallið aukist um 5% milli ára. Meðalaldur kylfings hjá GV er 47,3 ár. Hlutfall öldunga í klúbbum er nú rétt rúmlega 12%.

Mikil aukning var á heimsókn kylfinga ofan af landi til okkar á árinu og tekjur vegna vallargjalda hækkaði umtalsvert. Ástandið á landinu vegna Covid gerði það að verkum að kylfingar komust ekki í gólfferðir erlendis og því voru vellir á landsbyggðinni vinsæll áfangastaður golfþyrsta Íslendinga.

Vissulega hafa takmarkanir vegna sóttvarna haft áhrif á félagsstarfið og til að mynda voru golfhermar félagsins meira og minna ónotaðir. Þá var lengi vel bann við því að spila golf.

FJÁRMÁL

Hefðbundnar rekstartekjur GV árið 2020 voru rúmar 90 milljónir krónar og hækkaði um 27% milli ára. Tekjur af árgjöldum hækka um 18% og móta og vallargjöld hækka um 30%. Þá var tekjuaukning vegna veitingasölu um 45%.

Launakostnaður hækkaði um 23% og vörukaup jukust um 83%.

Stjórn GV hefur staðið í viðræðum við bæjaryfirvöld um áframhaldandi fjárhagslegan stuðning Vestmannaeyjabæjar til handa GV. Undanfarin ár hefur Vestmannaeyjabær greitt GV rekstrarstyrk. Eins hefur verið greiddur sérstakur framkvæmdastyrkur til handa klúbbum. Vestmannaeyjabær hefur verið með starfandi íþróttahóp sem á að rýna í rekstur



Íþróttafélaga í Vestmannaeyjum og koma með tillögu um framtíðarskipan styrkveitinga til félaganna. Í því ljósi vildu bæjaryfirvöld aðeins semja til skamms tíma þar sem vinna hópsins er ekki lokið. Voru gerðir tveir samningar, annars vegar fyrir árið 2020 og einnig 2021. Viðbótarsamþykkt liggur fyrir í bæjarstjórn um 5 milljón króna aukaframlag ráðist Golfklúbbur Vestmannaeyja á framkvæmdir til stækkunar á klúbbhúsinu.

Stjórn GV samþykkti samhljóða á fundi í desember að ráðast í framkvæmdir við stækkun neðri hæðar klúbbhússins. Áætlað er að framkvæmdir standi yfir í tvö ár og að fyrri hluti verksins verði lokið í maí.

Augljóslega mun mesti þunginn á þessu ári fara í viðbygginguna. Aðrar framkvæmdir munu bíða en þó þannig að nauðsynleg verkefni á vellinum sjálfum eru í forgangi, nú sem fyrr. Það er ljóst að róðurinn verður þungur við fjármögnun viðbyggingarinnar en viðbótarfjármagn Vestmannaeyjabæjar mun koma sér vel sem og framkvæmdastyrkur bæjarins. Samtals eru þetta 20 milljónir króna sem Vestmannaeyjabær leggur til framkvæmda hjá klúbbnum á næsta ári. Hingað til hafa þær 15 milljónir sem lagðar hafa verið til nýst í framkvæmdir á vegum GV. Ljóst er að þegar fjármagnið verður bundið í þessu einu stóru framkvæmd verður að skoða vel annað sem þarf að gera og forgangsraða. Þar verður völlumurinn sjálfur að njóta vafans.

GV fjárfesti í vinnubíl og bílalyftu á árinu auk smærri hluta í tækjageymslu.

TILLAGA UM ÁRSGJALD

Á aðalfundi GV þann 20. febrúar 2020 var samþykkt að fella út sérstakan afslátt fyrir hjón. Áður hafði afslátturinn verið lækkaður úr 10% í 5%. Þá er afsláttur öldunga nú 30% samkvæmt samþykkt aðalfundar GV árið 2019.

Gerð er eftirfarandi tillaga að árgjöldum fyrir árið 2021:

Skipting félagsmanna:	Gjaldskrá 2020	Tillaga að gjaldskrá 2021
Fullt gjald	85.000	90.000
Hjón *2	161.500	180.000
70 ára og eldri	59.500	63.000
Nýliðagjald 1. ár	59.500	63.000
Nýliðagjald 2. ár	72.150	76.500
Nemagjald (fullorðinn)	59.500	63.000
19-27 ára	42.500	45.000
14-17 ára	32.500	35.000

Hækkun almennra gjalda er 5,5% og er það sambærilegt við það sem aðrir klúbbar hafa tilkynnt. Gjöld til barna og unglinga í GV er mjög lág í samanburði og eins er það

staðreynd að almenn gjöld til félagsmanna GV eru lág. Þannig er meðaltal árgjalda í 10 stærstu klúbbum landsins 114.000 krónur.

Að lokum

Árið í ár hefur verið krefjandi sökum heimsfaraldurs Coivd-19. Þó má segja að golfklúbbar á Íslandi hafi notið góðs af því að golfferðir erlendis voru af skörnum skammti þetta árið og að slakað var á sóttvörnum yfir sumarið. Golfvöllurinn í Eyjum var einn af þeim sem mjög vinsælt var að heimsækja í sumar og sýnir það sig best í því að tekjur af vallargjöldum tvöfölduðust á milli ára. Völlurinn var í sýnu besta standi og fékk góðar viðtökur þeirra fjölmörgu gesta sem hingað komu árið 2020.

Það má segja að mikilvægi vallarins fyrir ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum hafi svo sannarlega komið í ljós síðastliðið sumar. Aldrei hafa fleiri gert sér ferð til Eyja til að spila golf eins og árið 2020 og aldrei hefur hlutfall kylfinga úr öðrum klúbbum en GV verið hærra í mótum hér í Eyjum eins og síðastliðið ár. Gististaðir, veitingastaðir og flutningsaðilar nutu góðs af því. Samfélagið naut góðs af því að hér í Vestmannaeyjum er einn fallegasti og vandaðasti golfvöllur á Íslandi.

Fjárhagsstaða GV er góð eftir rekstrarárið 2020. Mikilvægt er að haldið verði vel utan um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og gríðarlega mikilvægt að forðast skuldsetningu eftir fremsta megni.

Árið 2021 verður að mörgu leyti spennandi ár fyrir GV. Ef aðstæður leyfa vonumst við til að fá hingað aftur fjölda gesta líkt og á síðasta ári. Framkvæmdir við viðbyggingu eru hafnar og vonumst við til að félagsmenn verði öflugir í aðstoð við þá framkvæmd. Árið 2021 verða tvö stærri mót á vegum GSÍ á vellinum. Helgina 15-17. júlí verður Íslandsmót öldunga og 19-21. ágúst verður hér sveitakeppni 2. deildar öldunga. Þessi tvö mót ásamt öðrum stærri mótum klúbbsins verður góð æfing fyrir mótanefnd GV fyrir Íslandsmótið í höggleik sem haldið verður í Vestmannaeyjum 2022.

Fyrir hönd stjórnar
Golfklúbbs Vestmannaeyja

Sigursveinn Þórðarson
Formaður GV





ÁRSREIKNINGUR 2020

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2020, reksrarreikningi 1. janúar 2020 – 31. desember 2020 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 6.811667.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2020 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.


Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 202.990.689.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 11. febrúar 2020

Í stjórn


Sigursveinn Þórðarson


Guðjón Gunnsteinsson



Harpa Gísladóttir


Sigurjón Pálsson


Una Þóra Ingimarsdóttir


Hallgrímur Steinsson


Óðinn Kristjánsson

Framkvæmdastjóri

Elsa Valgeirsdóttir



ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 og efnahag klúbbsins 31. desember 2020.

Vestmannaeyjum 10. febrúar 2020

Gunnar Gunnarsson

Guðni Sigurðsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur		90.623.944	71.328.086
Kostnaðarverð seldra vara		(12.434.666)	(6.765.713)
Laun og annar starfsmannakostnaður		(40.319.036)	(32.727.343)
Annar rekstrarkostnaður		(37.378.821)	(36.539.351)
Afskriftir fastafjármuna	2	(8.295.008)	(7.250.375)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		(7.803.587)	(11.954.696)
Fjármunatekjur		30.907	231.227
Fjármagnsgjöld		(385.653)	(617.816)
	1	(354.746)	(386.589)
Framlag til aðstöðu		15.000.000	15.000.000
Hagnaður ársins		6.841.667	2.658.715

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar		553.701	732.651
Golfvöllur		90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld		22.110.261	24.638.791
Fasteign		71.973.999	73.737.222
Trackman & EYE XO - golfhermir		7.121.739	2.791.051
		<u>191.759.700</u>	<u>191.899.715</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		350.000	350.000
Viðskiptakröfur		1.364.190	3.056.271
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja		800.000	800.000
Aðrar skammtímakröfur	3	42.257	59.051
Handbært fé	3	19.677.012	11.401.724
		<u>22.233.459</u>	<u>15.667.046</u>
Eignir		<u>213.993.159</u>	<u>207.566.761</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé - flutt frá fyrra ári		196.149.022	193.490.307
Afkoma ársins		6.841.667	2.658.715
Eigið fé		<u>202.990.689</u>	<u>196.149.022</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir		6.987.537	7.236.788
		<u>6.987.537</u>	<u>7.236.788</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.281.081	2.749.225
Næsta árs afborgun langtímaskulda		216.702	184.153
Aðrar skammtímaskuldir	4	2.517.150	1.247.573
		<u>4.014.933</u>	<u>4.180.951</u>
Skuldir		<u>11.002.470</u>	<u>11.417.739</u>
Eigið fé og skuldir		<u>213.993.159</u>	<u>207.566.761</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(7.803.587)	(11.954.696)
Framlag til aðstöðu		15.000.000	15.000.000
Afskriftir		8.295.008	7.250.375
		<hr/>	<hr/>
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		15.491.421	10.295.679
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		1.708.875	(767.003)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(64.736)	9.634
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri án vaxta		17.135.560	9.538.310
Innborgaðir vextir		30.907	231.227
Greiddir vextir		(519.484)	(617.816)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri		16.646.983	9.151.721
		<hr/>	<hr/>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(8.154.993)	0
		<hr/>	<hr/>
		(8.154.993)	0
		<hr/>	<hr/>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(216.702)	(201.082)
		<hr/>	<hr/>
		(216.702)	(201.082)
		<hr/>	<hr/>
Hækkun handbærs fjár		8.275.288	8.950.639
Handbært fé í upphafi árs		11.401.724	2.451.085
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í lok árs		19.677.012	11.401.724
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>

Skýringar

1. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	30.907	231.227
	30.907	231.227
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(385.653)	(617.816)
	(385.653)	(617.816)
	(354.746)	(386.589)

2. Afskriftir

Afskriftir rekstrarfjármuna greinast þannig:	Afskr. %	2020	2019
Innréttingar	15%	178.950	129.291
Vélar og áhöld	15%	5.233.025	4.348.022
Fasteign	3%	2.213.234	2.280.524
Trackman & EYE XO- golfhermir	15%	669.799	492.539
		8.295.008	7.250.376

3. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur	42.257	59.051
	42.257	59.051

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	19.654.648	11.305.601
Sjóður	22.364	96.123
	19.677.012	11.401.724

4. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.199.953	796.545
Ógreiddir áfallnir vextir	317.197	451.028
	2.517.150	1.247.573

Sundurliðanir

	2020	2019
Rekstrartekjur		
Árgjöld og námskeiðsgjöld	24.447.450	20.695.900
Framlög og styrkir	14.364.947	12.667.410
Móta- og vallargjöld, útleiga skápa, bíla o.fl.	35.846.109	27.545.160
Golfhermir	846.100	0
Veitingasala og sala varnings	15.119.338	10.419.616
	<u>90.623.944</u>	<u>71.328.086</u>
Kostnaðarverð seldra vara		
Vörukaup innanlands	12.434.666	6.765.713
	<u>12.434.666</u>	<u>6.765.713</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	27.817.367	22.575.305
Bifreiðastyrkir	2.700.000	2.105.000
Dagpeningar	2.960.000	2.440.000
Tryggingagjald	2.166.019	1.831.259
Lífeyrissjóður	3.614.652	3.073.662
Önnur sjóðagjöld	441.125	381.302
Annar starfsmannakostnaður	619.873	320.815
	<u>40.319.036</u>	<u>32.727.343</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Sími og burðargjöld	407.386	503.915
Pappír, prentun og ritföng	259.929	489.006
Rafmagn, hiti og vatn	1.692.713	1.789.278
Viðhald húsnæðis og tækjageymslu	2.503.354	1.318.192
Vátryggingar húsnæðis og tækja	720.928	669.509
Fasteignagjöld	674.638	668.916
Annar húsnæðiskostnaður	519.959	568.209
Sandur, áburður, fræ o.fl.	5.685.154	4.757.924
Framkvæmdir á velli	4.952.049	3.835.681
Bensín og olíur	761.052	982.877
Smááhöld	1.281.451	2.117.744
Varahlutir - viðhald áhalda og tækja	3.660.014	4.718.450
Auglýsingar	831.075	235.400
Móta- og keppniskostnaður	4.118.053	3.741.165
Námskeið og golfskóli	3.946.583	3.207.040
Félags- og aðildargjöld	2.319.840	2.025.000
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	581.990	948.342
Leyfisgjöld	260.819	244.277
Ýmis kostnaður	1.831.863	3.450.104
Þjónustugjöld banka	369.971	268.322
	<u>37.378.821</u>	<u>36.539.351</u>



REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR 2016-2020

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

REKSTRARREIKNINGUR 2016 - 2020

Rekstaretkjur		2020	2019	2018	2017	2016
Veitingasala	kr.	15.119.338	10.419.616	10.837.885	8.861.297	10.598.396
Móta- og vallargjöld	kr.	35.846.109	27.545.160	30.740.200	14.134.542	14.292.519
Golfhermir	kr.	846.100	0	0	0	0
Árgjöld og námskeiðsgjöld	kr.	24.447.450	20.695.900	18.734.431	18.831.150	17.879.020
Framlög og styrkir	kr.	14.364.947	12.667.410	14.320.731	20.120.992	20.371.860
Rekstrartekjur alls	kr.	90.623.944	71.328.086	74.633.247	61.947.981	63.141.795
Rekstarkostnaður						
Vörunotkun	kr.	12.434.666	6.765.713	8.523.343	7.186.143	7.193.694
Laun og launatengd gjöld	kr.	40.319.036	32.727.343	29.857.127	32.583.685	26.236.828
Annar rekstrarkostnaður	kr.	37.378.821	36.539.351	36.708.194	32.169.868	24.668.318
Fyrningar	kr.	8.295.008	7.250.375	8.197.948	6.491.290	4.751.136
Rekstrarkostnaður alls	kr.	98.427.531	83.282.782	83.286.612	78.430.986	62.849.976
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		-7.803.587	-11.954.696	-8.653.365	-16.483.005	291.819
Fjármunatekjur og gjöld						
Vaxtatekjur	kr.	30.907	231.227	90.329	166.968	497.000
Vaxtagjöld og verðbætur	kr.	-385.653	-617.816	-594.754	-1.144.489	-1.261.871
Fjármunatekjur og gjöld alls	kr.	-354.746	-386.589	-504.425	-977.521	-764.871
Aðrar tekjur						
Önnur framlög	kr.	15.000.000	15.000.000	15.000.000	18.450.000	17.200.000
	kr.	15.000.000	15.000.000	15.000.000	18.450.000	17.200.000
Hagnaður ársins	kr.	6.841.667	2.658.715	5.842.210	989.474	16.726.948

EFNAHAGSREIKNINGUR 2016 - 2020

Eignir

		2020	2019	2018	2017	2016
<u>Veltufjármunir:</u>						
Handbært fé	kr.	19.677.012	11.401.724	2.451.085	4.677.799	10.260.359
Viðskiptakröfur	kr.	1.364.190	3.056.271	2.262.934	2.086.231	2.143.702
Aðrar skammtímakröfur	kr.	42.257	59.051	85.385	109.701	83.246
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir	kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
Veltufjármunir alls	kr.	22.233.459	15.667.046	5.949.404	8.023.731	13.637.307
<u>Fastafjármunir:</u>						
Innréttingar.....	kr.	553.701	732.651	861.942	1.014.049	1.192.999
Golfvöllur.....	kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld	kr.	22.110.261	24.638.791	28.986.813	18.172.133	11.570.580
Trackman - EYE XO	kr.	7.121.739	2.791.051	3.283.589	3.863.046	0
Fasteign.....	kr.	71.973.999	73.737.222	76.017.746	78.368.810	80.792.588
Fastafjármunir alls	kr.	191.759.700	191.899.715	199.150.090	191.418.038	183.556.167
EIGNIR SAMTALS	kr.	213.993.159	207.566.761	205.099.494	199.441.769	197.193.474

EFNAHAGSREIKNINGUR 2016 - 2020

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

		2020	2019	2018	2017	2016
<u>Skammtímaskuldir:</u>						
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	317.197	451.028	427.998	961.261	831.197
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	1.281.081	2.749.225	1.381.052	1.671.383	915.064
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	216.702	184.153	184.153	379.396	379.396
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	2.199.953	796.545	2.178.114	1.354.852	821.283
Skammtímaskuldir alls	kr.	4.014.933	4.180.951	4.171.317	4.366.892	2.946.920
<u>Langtímaskuldir:</u>						
Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT.....	kr.	7.204.239	7.420.941	7.622.023	7.806.176	7.967.307
	kr.	7.204.239	7.420.941	7.622.023	7.806.176	7.967.307
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	216.702	184.153	184.153	379.396	379.396
Langtímaskuldir alls	kr.	6.987.537	7.236.788	7.437.870	7.426.780	7.587.931
Skuldir alls	kr.	11.002.470	11.417.739	11.609.187	11.793.672	10.534.851
<u>Eigið fé</u>						
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	196.149.022	193.490.307	187.648.097	186.658.623	169.931.675
Hagnaður (- tap) ársins.....	kr.	6.841.667	2.658.715	5.842.210	989.474	16.726.948
Annað eigið fé alls	kr.	202.990.689	196.149.022	193.490.307	187.648.097	186.658.623
Eigið fé alls	kr.	202.990.689	196.149.022	193.490.307	187.648.097	186.658.623
SKULDIR & EIGIÐ FÉ SAMT.	kr.	213.993.159	207.566.761	205.099.494	199.441.769	197.193.474

